

að af allri þeirri þekkingu, sem vér höfum öðlast, allri þeirri varfærnu vísindalegu reynzlu, er skýrir lífsgátuna, verðum vér að láta það letjast og hverfa, ella leiðir það mannkynið út í ófgar, er gjörir það hlægilegt í sínum eigin augum. Eils og átt hefir sér stað áður, svo er enn, þar sem því er ekki skynsamlega stjórnað, umbreytir það heilum kynslóðum, í æpandi trúða, andsjúka iðrendur, Skekkla og ofstakisfulla varðlataia af öllum tegundum, og átrúendur á þá skoðun á mannlegu lífi bæði þessa heims og annars, er ofbýður öllu heilbrigðu viti, og sárir og svívirðir hverja ærlega og eðlilega tilfinningu. Á sama hátt og rafurmagni, verðum vér að beita því skynsamlega og stjórna því, eða bíða tjón af. Þekking vor typt og þrautreynd, stendur augliti til auglitis við frumaf það, er gjört getur líf vort að lífi. Verðkaup lífsins er iðni og fullkomnun, í trú eins og öllum öðrum hlutum. Og ef vér ætlum trúnni, um komandi tíð, að halda áfram að vera aðal ljós alls vors útsýnis, verður það skylda vor, að útleggja hana sem skýrast og skynsamlegast, og fága hana og fullkomna, eftir því sem þarfir mannfélagsins aukast og margfaldast. Vér getum ekki treyst eingöngu á erfðar lífsskoðanir, —eytt bæði höfuðstól og vöxtum, án þess að verða andlega gjaldþrota. Það er skylda vor, að útfæra svo hinar andlegu hreyfingar er hingað til hafa upplýst og uppörfað þessa veröld að þær haldi áfram að fullnægja kröfum sívaxandi mannheima.

Það hefir margsinnis verið sagt, að kyrkjuleysingjum og öðrum, er enn að nafninu til eru meðlimir kristinnar kyrkju, finnist ekki trúarbrögðin yfir það heila tekið, né kristindómurinn sem einstaklingstrú hafi nokkra sérstaka þýðingu til að bera. Mörgu góðu fólki finnst öll höfuðatriði trúarlífsins vera í þoku og bundin ákaflegri óvissu. Af því það hefir ekki gjört sér grein fyrir því, að trúin er afl innan mannlegrar tilveru, á sama hátt og rafurmagnið er kraftur hins ytra heims, finnst því hún vera tilbúningur einn og draumórar, er hvorki snerti röð né rás viðburðanna— samsafn fáránlegra hugmynda um guðlega veru, annað líf, og frelsun frá— enginn veit eiginlega hverju. En þetta kemur til af því, að almenna skoðunin á merkingu trúarinnar er orðin á eftir, hefir ekki vaxið samhliða dómgreind og